

Alþingi
Erindi nr. P 151/477
komudagur 6.12.2004



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Reykjavík, 3. desember 2004

Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs (375. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð varar við 12. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að gjöld vegna ýmissa skráninga, 13. gr. l. nr. 88/1991, hækki. Má þar nefna hækkun vegna skráningar hlutafélags, einkahlutafélags o.fl.

Kostnaður við stofnun fyrirtækja er hærrí hér á landi en í ýmsum samkeppnislöndum okkar. Þannig eru til að mynda engin opinber gjöld við stofnun fyrirtækja í Danmörku. Kostnaður vegna skráningar einkahlutafélags er t.a.m. mun minni í nágrannalöndum okkar eins og í Danmörku, Svíþjóð og Bandaríkjunum. Til að auka nýsköpunarstarfsemi er mikilvægt að ryðja úr vegi hindrunum við stofnun fyrirtækja. Þetta hafa ýmis nágrannalönd okkar skynjað og lækkað umtalsvert gjöld vegna skráningar nýrra fyrirtækja. Verslunarráð bindur vonir við að slíkt hið sama verði gert hér á landi.

Virðingarfyllt,
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Sigprúður Ármann

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is